



16.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnæsinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 28.janúar 2020, kl.08:00.

Mætt: Eypór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson og Kristín Magnúsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir.

1. Málefni Alviðru. Farið yfir niðurstöður fundar í Alviðru með fulltrúum Landverndar. Fyrir liggur ósk þeirra um að hefja starfsemi þar og fara í endurbætur á húsakosti. Einnig að leigja staðinn af eigendum ogfl. Stjórn sammála um að fara varlega í endurbætur fyrir stórar upphæðir og einhvern áhættusaman rekstur meðeiganda sem skilar litlu eða jafnvel bara auka kostnaði. Samþykkt að veita þeim leyfi til að verja 2 milljónum, úr sameiginlegum sjóði eigenda, til lágmarksviðhalds á húsakosti. Einnig að greiðslur til þeirra fyrir umsjón lækki í 50 þús. á mánuði. Einnig verði farið fram á að fulltrúi okkar í stjórn Alviðru fái skoðunaraðgang að bankareiningi Alviðru. Samþykkt að formaður riti stjórn Landverndar þar sem að afstaða HÁ er rakin og færð rök fyrir, ásamt því að skoðað verði með skiptingu jarðanna, Alviðru og Öndverðarness, á milli Landverndar og HÁ.
2. Málefni Héraðsskjalasafns. Áhugi er hjá Vestmannaeyjabæ, Hornafirði og Rangárþingi með samvinnu við safnið. Lengst er málið komið varðandi Rangárþing sem hefur fengið samningsdrög varðandi þær breytingar og er sú vinna í vinnslu. Styttra er málið kom á veg varðandi hina tvo aðilana en þó á umræðustigi og vinnslu. Þarfagreining vegna nýs húsnæðis er lokið og eru aðilar að vinna með hana til að gera safninu tilboð í nýtt húsnæði.
3. Málefni Byggðasafns. Ráðinn hefur verið nýr starfsmaður að safninu, í stað annars sem hætti á sl. ári. Þjóðminjasafnið hefur flutt í sinn hluta Búðarstígsins sem þeir tóku á leigu sem geymslu. Unnið er að undirbúnings áframhaldandi framkvæmda á þessu ári og flutnings í nýtt húsnæði. Lánasjóður Ísl. Sveitarfélaga hefur veitt lán til áframhaldandi framkvæmda.
4. Málefni Listasafns. Nýr forstöðumaður hefur verið ráðinn og heitir Kristín Scheving og hefur störf 1. Febrúar nk. Fráfarandi forstöðumaður verður í vinnu í febrúar, við frágang og aðstoðar Kristínu við að komast inn í starfið. Fyrir dyrum erum

WAB
AB
KM

framkvæmdir við húsnæðið, lagfæringar á rakakerfi og loftræstingu. Styrkur hefur fengist frá Menntamálaráðuneytinu að upphæð kr. 4 milljónir.

5. Markavörður Árnassýslu austan vatna. Héraðsnefnd þarf að skipa nýjan markavörð og samþykkt að kalla eftir tilnefningum frá sveitarstjórnnum í Árnassýslu.
6. Vorfundur Héraðsnefndar. Samþykkt að fundurinn verði haldinn í Þorlákshöfn og stefnt á 21.apríl, sem er þriðjudagur. Kristín tekur að sér að athuga með húsnæði og veitingar, þennan dag.

Fundi slitið kl. 09:55.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

Helgi S. Haraldsson

Ann Þórksson

Kristín Magnúsdóttir

Ólafur N. Halvarsson

Kjartan Björnsson

Ingibjörg Guðmundsdóttir